

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 1088/2018 um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

1. gr.

Í stað orðanna „25 m.kr.“ í c-lið 7. gr. reglugerðarinnar kemur: 31,6 m.kr. á ári sem tekur árlegum breytingum í samræmi við vísitölu byggingarkostnaðar mælda í janúar ár hvert, í samanburði við vísitölu byggingarkostnaðar mælda í maí 2022.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er á grundvelli 1. mgr. 18. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Innviðaráðuneytinu, 1. júní 2022.

Sigurður Ingi Jóhannsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

—————
B-deild – Útgáfudagur: 24. júní 2022